



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga um sameiningu stoppistöðva

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að tvær núverandi biðstöðvar strætó í Austurbrún, Austurbrún og Dragavegur verði sameinaðar í eina stöð, Austurbrún.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er að stuðla að því að leið 14 sem í dag stoppar á biðstöðinni haldi betur áætlun og að bæta aðstæður fyrir notendur Strætó.

Leið 14 hefur verið í vandræðum um allnokkra hríð og var of sein (+4 mín.) í rúmlega 40% ferða á fyrsta ársfjórðungi 2023. Ástandið er erfiðast síðdegis á virkum dögum, en leiðin þræðir íbúahverfi þar sem umferð er mikil seinnipartinn. Tæplega 69% brottfara leiðar 14 á fyrsta ársfjórðungi 2023 voru þá of seinar samanborið við 38% fyrir höfuðborgarsvæðið í heild á sama tíma.

Nauðsynlegt er að bregðast við og lagfæra áætlun leiðar 14. Notendur hafa mikið kvartað undan óstundvísi leiðarinnar, bæði gegnum ábendingakerfi Strætó og á samfélagsmiðlum, enda er leið 14 vel nýtt og var sú leið Strætó sem var með flest innstig á hvern kílómetra árið 2022. Til þess að bæta stundvísi leiðarinnar þá hefur skipulagssvið Strætó m.a. lagt til að að tvær strætóstöðvar sem standa við Austurbrún verði sameinaðar í eina stöð.

Nýja stöðin verður staðsett u.þ.b. miðja vegu milli stöðvanna tveggja. Unnin hafa verið drög að útfærslu nýrrar strætóstöðvar en hún yrði mun öruggari fyrir notendur en eldri stöðvarnar tvær, staðsett í beinum tengslum við göngustíg sem liggur milli Kamsvegjar og Austurbrúnar og áfram að Vesturbrún. Þessi breyting gæti þýtt örlítið lengri gönguvegalengd fyrir einhverja notendur Strætó, en styttri fyrir aðra eins og gengur. Tilfærslan er um 100 m í báðum tilfellum. Eftir sem áður eru nánast öll heimili á svæðinu í innan við 300 m loftlínu frá biðstöð Strætó sem telst gott (sjá hjálagða mynd).

Upplýsingar um tillöguna voru lagðar fram á fundi íbúaráðs Laugardals 13. nóvember 2023. Engar athugasemdir hafa borist frá íbúaráðinu eða íbúum vegna þessa.


Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var samþykkt að leggja niður strætóstöð við Hólsveg sem liður í því að bæta stundvísi leiðarinnar.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri




Hjálagt:


1. Kort með stöðvunum tveimur sem lagt er til að lagðar verði niður og staðsetningu nýrrar stöðvar
2. Drög að útfærslu nýrrar stöðvar
3. Yfirlitsmynd biðstöðva í Laugardal og 300 m loftlína frá þeim



Kort með stöðvunum tveimur sem lagt er til að lagðar verði niður og staðsetningu nýrrar stöðvar



Drög að útfærslu nýrrar stöðvar



Yfirlitsmynd biðstöðva í Laugardal og 300 m loflína frá þeim